



ÁFANGALÝSING

Í áfanganum er haldið áfram að kynna heimspeki sem fræðigrein. Þær undirgreinar heimspekinnar sem nú verða teknar fyrir eru þekkingarfræði, vísindaheimspeki, stjórnmálaheimspeki, fagurfræði og heimspeki tungumálsins. Megináherslan er þó á stjórnmálaheimspeki og heimspekilegum hugmyndum um mannlegt samfélag. Kynntar eru kenningar heimspekinga um forsendur og form ólíkra samfélaga, um grundvöll siðferðis og rætur stjórnskipunar. Spurningin um það hvernig æskilegt sé að samfélagið sé upp byggt og hvaða grunngildi skuli í heiðri höfð er tekin til umfjöllunar, en þannig má öðlast dýpri skilning á því hvaða viðfangsefni eru við að eiga í flóknu samfélagi.

Aukinn skilningur á þessu sviði gagnast nemandanum til að þroska sig sem félagsveru og þátttakanda í hinum fjölbreytilegu aðstæðum sem mæta honum í daglegu lífi. Þannig er, auk skilnings á samfélagslegum viðfangsefnum, lögð áhersla á að auka færni í röklegum og lýðræðislegum samræðum. En að hugsa og tala um þessi mál er eitt, að gera eitthvað til að hafa áhrif á og bæta ástandið er annað. Verkefni áfangans munu sum hver miða að því að virkja nemendur og sýna þeim fram á áhrifamátt sinn.

Leitast er við að virkja nemandann til þess að yfirvega eigin skoðanir á siðferðilegum efnum og heimspekilegum grundvelli stjórnmála. Atburðir líðandi stundar eru skoðaðir með það fyrir augum að beita aðferðum heimspekinnar til að dýpka og breikka skilning nemenda á þeim og auka þar með hæfni þeirra til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

MARKMIÐ ÁFANGANS

Að nemandinn...

-kynnist fyrrnefndum undirgreinum heimspekinnar og helstu kenningum heimspekinga um þær.

-kynnist grunnkenningum um samfélög og stjórnmálaheimspeki, svo sem hugmyndum Platons, Aristótelesar, Thomas Hobbes, John Locke, John Rawls og Robert Nozick.

-fái skilning á heimspekilegum rötum ýmissa samfélagslegra fyrirbæra, svo sem laga, réttarfars og stjórnkerfis.

-fái tækifæri til að móta sínar eigin skoðanir á samfélagsmálum og þjálfist í heimspekilegri samræðu um þær.

-geti gert heimspekilega grein fyrir viðfangsefnum á borð við réttlæti, mannréttindi, frelsi og jafnrétti.

-öðlist færni í að fjalla heimspekilega um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni með hliðsjón af íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

-átti sig á áhrifamætti sínum þegar kemur að samfélagsmálum og mannréttindum.

KENNSLUBÆKUR OG ÖNNUR GÖGN

Heimspeki fyrir þig eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack.

Efni frá kennara sem verður dreift í tímum og á Moodle.

KENNSLUFORM, YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG NÁMSMAT

Námsefni:	Dags.	Námsmat:
4. kafli – Þekking: Bls. 60 – 70	1. og 2. Vika	Skila svörum við spurningum úr kaflanum.
5. kafli – Tækni: Bls. 71 – 82	3. og 4. Vika	Skila svörum við spurningum úr kaflanum.
Kvikmynd: The Giver	4. vika	Verkefni 1 (10%): Um 5. kafla og kvikmyndina Skila verkefni 1
6. kafli – Tal: Bls. 84 – 92	5. vika	Skipt í hópa fyrir verkefni 2 og samvinnunám. Skila svörum við spurningum úr kaflanum.
8. kafli – Ríki: Bls. 105 – 112	6. vika	Skila svörum við spurningum úr kaflanum.
9. kafli – Sátt: Bls. 113 – 123	7. -8. Vika	Nemendur kenna hver öðrum efnið og taka örpróf Verkefni 2 (10%): Hópverkefni um fyrirmyndarsamfélagið
10. kafli – Réttur: Bls. 124 – 133	9. -10. Vika	Skila svörum við spurningum úr kaflanum.
Miðannarmat	10. vika	Tímaritgerð (15%)
Kvikmynd: Into The Wild	11.-12. Vika	Verkefni 3 (10%): Um kvikmyndina Into The Wild Kaffihúsaferð þar sem efni myndarinnar verður rætt.
Páskafri	13. vika	
15. kafli – List: Bls. 182 – 193	14. -15. Vika	Nemendur koma með einhverskonar listaverk (má vera myndlist, tónlist, ljóð...) og „sýna og segja frá“ Skila svörum við spurningum úr kaflanum.
Frumtextar í heimspeki	16.-18. Vika	Verkefni 4 (15%)
Samantekt og skrap	19. vika	

Námsmat

Verkefni 1 - 4: Alls 45% (sjá mismunandi vægi í yfirferðaráætlun)

Öllum verkefnum skal skilað inn á Moodle fyrir miðnætti á skiladag. Ef nemandi skilar of seint dregst 0,5 af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest nema að nemandi hafi samið um annað við kennara fyrirfram.

Tímaritgerð: 15%

Virgni: 20%

Inn í virkni reiknast mæting (10%) og þátttaka í umræðum (10%).

Svör við kaflaspurningum: 20%

Viðtalstímar kennara eru á þriðjudögum kl. 9.15 og skv. samkomulagi. Netfang kennara er ragneidureiriks@gmail.com

Með fyrirvara um breytingar

Janúar 2018

Ragnheiður Eiríksdóttir